

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
  - a. Á eftir 3. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi: allur almennur búrekstur.
  - b. Síðasta málsgr. orðist svo:

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hættu geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.
2. Við 3. gr.
  - a. Aftan við 1. málsgr. bætist: Ef notuð eru í fyrirtækinu efni, efnasambönd eða lofttegundir, sem hættuleg teljast heilsu manna, skal fylgja um þau skrá frá trúnaðarlækni öryggiseftirlitsins.
  - b. Síðasta málsgr. orðist svo:

Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin er í notkun.
3. Við 6. gr.
  - a. Niðurlag 2. málsgr. orðist svo: og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, í samráði við yfirmann sinn, ef unnt er.
  - b. Fyrri másl. 3. málsgr. orðist svo:

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, eða fái atvinnusjúkdóm, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má.
  - c. Síðari másl. 3. málsgr. orðist svo: Eigi má taka upp þá vinnu á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.
4. Við 9. gr. Síðasti másl. orðist svo: Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum fri frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram.
5. Við 11. gr.
  - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja meiri háttar verksmiðju . . .
  - b. Aftan við fyrri málsgr. bætist nýr másl., svo hljóðandi: Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.
6. Við 12. gr.
  - a. 6. tölul. orðist svo:

*Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir.
  - b. Aftan við 11. tölul. bætist: Kveða skal á um það í reglugerð, við hvaða störf ákvæði þessa töluliðs skuli gilda.
  - c. Upphaf 12. tölul. orðist svo:

*Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu, eftir því sem við verður komið, hafa aðgang að . . .
  - d. Síðari efnismásl. 14. tölul. falli burt.
7. Við 13. gr. 3. másl. 1. málsgr. falli niður.
8. Við 32. gr. Greinin orðist svo:

Bifreiðarstjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, sem mönnum getur stafað sérstök hættu af, skulu ekki hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.
9. Við 46. gr. Á eftir gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Þar, sem starfsemi fer fram við gildistöku laga þessara, er að einhverju leyti fer í bága við ákvæði þeirra, skal öryggismálastjóra með samþykki öryggisráðs heimilt að veita frest um ákveðinna tíma til að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.